

Fundargerð 464

Föstudaginn 21. september 2018 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Hótel Tanga á Vopnafirði. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) formaður, Einar E. Einarsson (EEE), Gunnar Þór Sigurbjörnsson (GPS), Gunnar Þorgeirsson (GP), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AP) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði.

Formaður setti fund kl.9:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá sem lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu
2. Fundargerðir lánanefndar – til afgreiðslu
3. Nýbygging fyrir Byggðastofnun – til afgreiðslu
4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 – til kynningar
5. Fullnustueignir Byggðastofnunar – til kynningar
6. Getur stóráfall í ferðaþjónustu haft áhrif á lánasafn Byggðastofnunar (WOW) – til kynningar
7. Álagning veiðigjalda – minnisblað til kynningar
8. Lánaflokkar Byggðastofnunar – til kynningar og umræðu
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá fundargerð fundar nr. 463. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Fundargerðir lánanefndar

Fyrir fundinum lágu fundargerðir lánanefndar nr. 28/18, 29/18, 30/18 og 31/18 og greinargerðir vegna þeirra lána- og hlutafjármála sem voru á dagskrá.

AME kynnti fundargerðir og gerði grein fyrir málum.

...

...

...

...

3. Nýbygging fyrir Byggðastofnun - til afgreiðslu

Lögð fyrir fundargerð húsnefndar frá 24.ágúst 2018 og minnisblað frá forstjóra þar sem hann fór yfir stöðu verkefnisins og hvað hafi áunnist í sumar. Lagt er til að stjórn Byggðastofnunar samþykki fyrir sitt leyti að Ríkiskaup í umboði Framkvæmdasýslu ríkisins bjóði verkframkvæmdina út aftur með ákveðnum breytingum. Þar verði jarðvinnuútböð fyrsti áfangi.

AP kynnti fundargerðina og minnisblaðið. Til máls tóku Illugi Gunnarsson, Gunnar Þór Sigurbjörnsson, Einar Einarsson, Karl Björnsson, Gunnar Þorgeirsson, Aðalsteinn Þorsteinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, María Hjálmarsdóttir.

Formaður bar upp málið eins og það er fyrir lagt. Samþykkt samhljóða.

4. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2018 - til kynningar

Staða verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar 31. ágúst 2018 lá fyrir fundinum. AÐ fór yfir stöðu verkefna og rekstrar.

Aðalsteinn fór sérstaklega yfir byggðaráðstefnu sem haldin verður í Stykkishólmi í næsta mánuði undir yfirskriftinni „Byggðaðpróun og umhverfismál, hvernig getur blómleg byggð og náttúrvernd farið saman?“

Snorri Björn Sigurðsson fór yfir skiptingu fjármuna til atvinnuþróunarfélaganna og hugsanlega breytingu á þeirri skiptingu. Til máls tóku Illugi Gunnarsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Karl Björnsson, Einar Einarsson, Gunnar Þorgeirsson, Aðalsteinn Þorsteinsson, María Hjálmarsdóttir, Gunnar Þór Sigurbjörnsson,

Samþykkt samhljóða að skipting til atvinnuþróunarfélaganna verði óbreytt á árinu 2019.

Snorri Björn sagði frá skýrslu um félagslegar framfarir sem gerð var fyrir Kópavogsbæ, en málið var nefnt á síðasta stjórnarfund. Hann greindi frá því að þetta sé í frekari skoðun og leitað hafi verið eftir fundi með framkvæmdaaðilum. Til máls til tóku Karl Björnsson, Illugi Gunnarsson,

Karl Björnsson ræddi um gerð þjónustukorts og nauðsyn þess að halda málinu áfram. Til máls tók einnig Snorri Björn Sigurðsson.

Sigríður Jóhannesdóttir spurði út í stöðu samninga um aflamark.

5. Fullnustueignir Byggðastofnunar - til kynningar

Hjalti Árnason kynnti minnisblað sem lá fyrir fundinum um fullnustueignir stofnunarinnar á norður- og austurlandi. Til máls tóku Illugi Gunnarsson, Gunnar Þorgeirsson, María Hjálmarsdóttir, Gunnar Þór Sigurbjörnsson, Aðalsteinn Þorsteinsson, Karl Björnsson,

6. Getur stóráfall í ferðaþjónustu haft áhrif á lánasafn Byggðastofnunar (WOW) - til kynningar

Ef marka má fréttáflutning síðustu daga virðist framtíð íslenska flugfélagsins WOW vera tvísýn þó félagið virðist nú komið fyrir vind í bili a.m.k.

Arnar Már kynnti minnisblað sitt um málið sem lá fyrir fundinum. Til máls tóku Illugi Gunnarsson, Aðalsteinn Þorsteinsson og María Hjálmarsdóttir.

7. Álagning veiðigjalda - minnisblað til kynningar

Minnisblað um áhrif hækkunar veiðigjalda í sjávarútvegi lagt fram.

Sigurður Árnason kynnti minnisblaðið. Til máls tóku Aðalsteinn Þorsteinsson, Karl Björnsson, Gunnar Þorgeirsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Einarsson

8. Lánaflokkar Byggðastofnunar - til kynningar og umræðu

Kynning á lánaflokkum Byggðastofnunar og hugleiðingar um nýja flokka.

Arnar Már kynnti minnisblað um málið sem lá fyrir fundinum. Til máls tóku Illugi Gunnarsson, Gunnar Þór Sigurbjörnsson, Karl Björnsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Aðalsteinn Þorsteinsson og Einar Einarsson sem ræddi um mögulega vaxtalækkun og hvernig hægt væri að setja það í farveg.

Óskað var eftir minnisblaði um vexti stofnunarinnar og verður það lagt fram þegar niðurstaða liggur fyrir um kjör í væntanlegu skuldabréfaútboði stofnunarinnar.

9. Önnur mál.

Rætt um húsnæðismál og það væri nauðsynlegt að fylgjast með málum hjá Íbúðalánasjóði.

10. Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur verður 16. október n.k. á Stykkishólmi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.11:56.

Sigurður Árnason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
